




## Umsögn um 60. mál: Umsóknarfrestur

Stígamótakonur hafa kynnt sér efni frumvarpsins og sýnist það styrkja rétt þolenda kynferðisofbeldis til bóta.

Í skýrslu umboðsmanns barna frá 1997 "Heggur sá er hlífa skyldi" um kynferðisbrot gegn börnum og ungmennum eru sömu lög til umfjöllunar og er þar stungið uppá breytingartillögum við þau. Þar er niðurstaðan sú að 6. grein laganna um "að brot hafi án ástæðulauss dráttar verið kært til lögreglu og að umsókn um bætur skuli hafa borist bótanefnd innan tveggja ára frá því að brot var framið eiga illa við þegar um kynferðisbrot gegn börnum er að ræða og útiloka bótarétt í mörgum tilvikum." Ástæðurnar séu þær að kærur vegna slíkra brota berist oft ekki fyrir en langt erum liðið. Lög nr. 118/1999 áttu að rétta hlut barna vegna þessa, en bráðabirgðaákvæðið um brot sem framin voru fyrir 1. júlí 1996 var skilið eftir.

Samantekt úr ársskýrslu Stígamóta fyrir árið 2000 staðfestir að fólk leitar sér ekki hjálpar vegna kynferðisbrota fyrir en löngu eftir að brotin eru framin sbr. eftirfarandi:

### Samanburður á aldri þolenda þegar leitað er að aðstoðar og aldri þolenda þegar ofbeldið er framið



(Úr ársskýrslu Stígamóta árið 2000)

Það er sjálfsagt réttlætismál að þar sem ríkissjóður gengst í ábyrgð fyrir greiðslu á bótum til þolenda afbrota séu kynferðisbrot gegn börnum þar ekki undanskilin. Með frumvarpi þessu er stigið eitt skref í rétta átt og við styðjum því samþykkt þess.

Með vinsemd og virðingu

fh. Stígamóta

*Rúna Jónsdóttir*  
Rúna Jónsdóttir

Stígamót